

Tillaga og greinargerð til Héraðsnefndar um velferðarverkefni í Árnassýslu frá Almannaávarnarnefnd Árnassýslu

Tillaga

Lagt er til að Héraðsnefnd Árnassýslu veiti úr sjóði Almannaávarnarnefndar Árnassýslu allt að 1,5 milljónir krónum í verkefni til að efla þekkingu, verkferla og færni starfsmanna velferðarþjónustunnar í Árnassýslu vegna almannaástands og annara aðstæðna sem raska daglegu lífi skjólstæðinga velferðarþjónustunnar þannig að hefðbundnir verkferlar starfsmanna duga ekki til eða hætta skapast á að þjónusturof verði hjá velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnassýslu.

Tilurð og tilgangur

Á árunum 2005–2008 vann hópur vísindamanna rannsókn um endurreisn samfélaga, undir forystu Sólveigar Þorvaldsdóttur. Viðtöl voru tekin við fólk sem hafði tekið þátt í endurreisn samfélaga vegna jarðskjálfta og snjóöflóða og rýnt í erlendar rannsóknir. Afurðir verkefnisins var skýrsla um hluverk sveitarfélaga og ráðuneyta ásamt almennum leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um endurreisn samfélaga og tímabundna neyðaraðstoð sem þau þurfa að veita íbúum þar til endurreisnarstarfi er lokið.

Leiðbeiningarnar voru í lokayfirlestri þegar að jarðskjálfti reið yfir Suðurland í maí 2008. Samkvæmt beiðni Halldórs Halldórssonar, þáverandi formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, kom rannsóknarhópurinn á Selfoss til að kynna og afhenda sveitarfélögum Árborg, Hveragerði og Þorlákshöfn eintak af leiðbeiningunum. Leiðbeiningarnar, Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum (LVN), voru formlega aðlagðar og innleiddar í Árborg og Hveragerði það ár. Um 10 árum seinna unnu sveitarfélögin á Suðurlandi og lögreglustjórnin á Suðurland að því að heimfæra leiðbeiningar fyrir hvert sveitarfélag á Suðurlandi.

Áföll á íslensk sveitarfélög hafa verið mörg og eru jarðskjálftar, eldgos, flóð, óveður og faraldur þar efst á lista. Fólk er almennt meðvitað um nauðsyn þess að hafa viðbragðsáætlanir og að starfsfólk sé vel undirbúið. LVN leiðbeiningar sveitarfélaga segja til um hvernig sveitarfélögin ætla að taka á rökunum í sínum sveitarfélögum, en lýsa þó ekki hvernig þessar leiðbeiningar tengjast hefðbundnum vinnuferlum starfsmanna hinna mismunandi málaflokka. Til að klára innleiðingu á LVN leiðbeiningum þurfa starfsmenn sveitarfélaga að hafa fengið kynningu á þeim, hafa við hendina vinnuferla sem þeir tóku þátt í að búa til og hafa æft þá. Þetta er sambærilegt við neyðarþjónustuna, sem heldur æfingar til að læra á þá vinnuferla sem nota skal við stærrí atburði. Eins þurfa starfsmenn sveitarfélaga að búa til sviðsmyndir sem tengjast sínu starfi eins og neyðarþjónustan hefur verið að búa til sviðsmyndir fyrir sínar æfingar.

Á fundi FAÁ, 23. febrúar 2020, kynnti Ragnheiður Hergeirsdóttir, forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árnassþings, niðurstöður meistaraverkefnis síns sem fjallaði um viðbrögð félagsþjónustu Árborgar við tveimur samfélagslegum áföllum árið 2008. Ragnheiður ræddi m.a. mikilvægi þess að heimfæra LVN leiðbeiningar að hefðbundnum vinnuferlum velferðarþjónustu Árnassþings. Ragnheiður var bæjarstjóri Árborgar þegar jarðskjálftinn reið yfir 2008 og bankahrunið síðar sama ár, notaði LVN leiðbeiningarnar við sín störf í kjölfar þessara tveggja áfalla og er með meistaragráðu í félagsráðgjöf á sviði hamfara og áhrifa þeirra á samfélög. Ragnheiður er því hæf til að dæma kosti og galla LVN leiðbeiningana og hvort að þörf sé á að taka þær skrefinu lengra til að undirbúa starfsfólk betur. Með kynningunni var Ragnheiður að leita eftir stuðningi AÁ við að koma á verkefni til að þróa og innleiða verkferla fyrir starfsfólk velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnassýslu og skipuleggja þjálfun starfsfólks.

Í framhaldi af kynningu Ragnheiðar var hugmynd að velferðarverkefni rædd á fundi AÁ þann 6. nóvember 2020. Á fundinum var framkvæmdaráði AÁ falið að vinna að frekari greiningu og

kostnaðarmati á tillögu um sameiginlegt verkefni sem snýr að innri störfum sveitarfélaganna, sbr. tillögu sem lögð var fyrir fundinn um að setja fjármagn frekar til eflingar á velferðarþjónustu samkvæmt LVN leiðbeiningunum.

Í framhaldi gerðu Sólveig Þorvaldsdóttir, fulltrúi Árborgar í AÁ og Ragnheiður Hergeirsdóttir greinargerð um megin þætti slíks verkefnis, sem send var á öll sveitarfélög í Árnassýslu og kynnt nánar á AÁ fundi 22. mars 2021. Á sama fundi var ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins fenginn til að kynna sjónarmið ráðuneytisins um velferðarmál, reynslu af Covid, og samstarf við sveitarfélög á þessu sviði. Bar mönnum saman um mikilvæg þessa málaflökks. Glærur ráðuneytistjóra frá fundinum og myndband hafa verið send á sveitarfélögin. Fundurinn samþykkti að framkvæmdaráðið vinni áfram í velferðarverkefninu. Á fundi FÁA þann 14. maí 2021 samþykkti FÁA ársreikning fyrir árið 2020 og samþykkti að leggja til við Héraðsnefnd að veita allt að 1,5 milljón krónum úr sjóði AÁ í velferðarverkefni sveitarfélaga. Verkefnið er útfært nánar neðar í þess skjali.

Nú er staðan sú að Ragnheiður Hergeirsdóttir lætur af störfum sem forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í júní n.k. og fer til starfa hjá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Varðandi útfærslu verkefnisins er því lagt til að gengið verði til samstarfs við Ragnheiði um vinnu þessa verkefnis og að prófessor Guðný Eydal, deildarforseti félagsráðgjafardeildar HÍ verði fengin til faglegrar ráðgjafar. Guðný hefur unnið að rannsóknum á þessu sviði, var m.a. í forystu fyrir norrænu samstarfsverkefni¹ um félagsþjónustu sveitarfélaga á tímum vár og hefur leitt þróun kennslu og rannsókna á sviði hamfarafélagsráðgjafar hér á landi. Slíkt samstarf getur einnig skapað frekari tengsl við félagsráðgjafadeildina og orðið hvati að frekari rannsóknum á þessu sviði, t.d. í meistaranámi félagsráðgjafanema.

Eftirfarandi lýsir verkþætti, verklok og kynningu, fjármagnsliðir og afurðir verkefnisins.

Verkþættir

Lagt er til að verkefninu verði skipt í fjóra verkþætti:

1. Unnin verði stutt skýrsla um lykilatriði fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaga á tímum samfélagslegra áfalla og í kjölfar þeirra. Velferðarþjónustan þarf í slíkum aðstæðum að búa yfir viðeigandi bjargráðum til að geta mætt þörfum skjólstaðinga sem orðið hafa fyrir stórfelldri röskun/áfalli og mikilvægt er að styrkja og efla starfsfólk velferðarþjónustu til að takast á við verkefnið til skemmri og lengri tíma.
2. Búnir verði til verkferlar fyrir starfsfólk Árnesþings og Árborgar í samstarfi við forstöðumenn og starfsmenn. Mikil áhersla verði á að starfsmenn séu með í að móta verkferlana. Ekki er gert ráð fyrir að þeir verði endilega eins já starfsmönnum Árnesþings og Árborgar enda er skipulag málaflökka innan velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnassýslu að nokkru leyti ólíkt.
3. Hannað verði námskeið fyrir starfsmenn, sem þeir sjálfir/velferðarþjónusta sveitarfélaganna geti haldið í framtíðinni og þróað eftir því sem reynslu og þekkingu vindur fram.
4. Námskeiðið verði haldið einu sinni fyrir starfsmenn. Í ljós kemur hvort halda þurfi tvö námskeið til að ná öllum starfsmönnum. Jafnframt kemur í ljós hvort að það verði eitt og sama námskeiðið hjá Árnesþingi og Árborg.

Gert er ráð fyrir því að starfsmenn sjá síðan um að viðhalda þekkingu sinni með námskeiðum og æfingum fyrir mismunandi sviðsmyndum sem þeir búa til.

¹ https://www.government.is/media/velferdarraduneyti-media/media/velferdarvakt09/Local_Social_Services_in_Times_of_Disaster.pdf ,

Verklök og kynning

1. Gert er ráð fyrir að námskeiðum verði lokið fyrir árslok 2021.
2. Gerð verði skýrsla um hvernig til hefur tekist. Henni verði lokið 1. febrúar 2022 og lögð fyrir fyrsta fund AÁ á árinu 2022.

Fjármagnsliðir

1. Launakostnaður (starfsmanna félagsráðgjafardeildar HÍ.)
2. Kostnaður við að halda námskeið.

Afurðir

1. Vinnuferlar.
2. Námskeiðslýsing.
3. Aukin þekking og hæfni starfsmanna í kjölfar námskeiðs.
4. Skýrsla.